

# Lýðheilsuvaktin

mánaðarleg vöktun valinna mælinga  
í samanburði við fyrri ár



Embætti landlæknis  
Directorate of Health

## Ávaxtaneysla

Hlutfall fullorðinna sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftar

*Spurning: Hversu oft neytir þú eftirfarandi fæðutegunda? Ávextir eða ber.*

*Svarmöguleikar: Fimm sinnum á dag eða oftar. Fjórum sinnum á dag. Þrisvar sinnum á dag. Tvisvar sinnum á dag. Einu sinni á dag. 4-6 sinnum í viku. 2-3 sinnum í viku. Einu sinni í viku. Sjaldnar en einu sinni í viku. Aldrei.*

Heild, 18 ára og eldri .....	2
Konur og karlar .....	3
Aldurshópar .....	4
Menntun.....	5

### Um Lýðheilsuvaktina

Lýðheilsuvaktin er mánaðarleg vöktun á nokkrum helstu áhrifaþáttum heilbrigðis og vellíðanar. Markmiðið er að fylgjast með heilsuhegðun og líðan fullorðinna Íslendinga og þróun helstu áhrifaþátta heilbrigðis.

Byggt er á mánaðarlegri netkönnun sem Gallup framkvæmir fyrir embætti landlæknis. Mánaðarlega er tekið slembiúrtak, 18 ára og eldri, úr viðhorfahópi Gallup. Ef ekki er hægt að taka nógu stórt úrtak fyrir hvert heilbrigðisumdæmi er tekið slembiúrtak úr þjóðskrá innan þess svæðis. Í hverjum mánuði veljast um 800 einstaklingar til þátttöku og hefur þátttökuhlutfallið verið rúmlega 50% undanfarin ár.


### Túlkun á niðurstöðum

Við túlkun á niðurstöðum Lýðheilsuvaktarinnar ber að hafa í huga að um úrtakskönnun er að ræða. Í úrtakskönnunum getur komið fram flökt enda innihalda niðurstöðurnar ekki mælingar á öllum landsmönnum heldur á slembiúrtaki sem á þó að endurspegla þjóðina. Þá getur kerfisbundin skekkja einnig verið fyrir hendi, t.d. ef þeir sem hafna þátttöku eru að einhverju leyti frábrugðnir þeim sem taka þátt. Rétt er að taka fram að spurningalistinn er einungis sendur út á íslensku og nær Lýðheilsuvaktin því einungis til þeirra sem geta svarað spurningalista á íslensku.

Í Lýðheilsuvaktinni eru hlutföll vigtuð til að endurspegla aldurs- og kynjasamsetningu þjóðarinnar. eru niðurstöður sýndar með 95% vikmörkum til að gefa til kynna óvissuna að baki mælingunni. Fjöldi í hóp/úrtaki hefur áhrif á stærð vikmarka.


Dæmi um túlkun: Ef hlutfall mælist 8,0% og vikmörkin +/-1,3% þá er hægt að fullyrða með 95% vissu að hlutfallið í þýði sé á bilinu 6,7% (8,0-1,3) til 9,3% (8,0+1,3).

## Heild, 18 ára og eldri




**Mynd 1.** Hlutfall fullorðinna sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftar og 95% öryggisbil.

## Konur og karlar




**Mynd 2.** Hlutfall kvenna sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftar og 95% öryggisbil.




**Mynd 3.** Hlutfall karla sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftar og 95% öryggisbil.


## Aldurshópar



**Mynd 4.** Hlutfall 18-34 ára sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oft og 95% öryggisbil.




**Mynd 5.** Hlutfall 35-54 ára sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oft og 95% öryggisbil.




**Mynd 6.** Hlutfall 55 ára og eldri sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oft og 95% öryggisbil.


## Menntun



**Mynd 7.** Hlutfall fullorðinna með grunnskólapróf sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftari og 95% öryggisbil.



**Mynd 8.** Hlutfall fullorðinna með framhaldsskólapróf sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftari og 95% öryggisbil.



**Mynd 9.** Hlutfall fullorðinna með háskólapróf sem neytir ávaxta eða berja einu sinni á dag eða oftari og 95% öryggisbil.